

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/58**

2015/EES/34/17

frá 15. janúar 2015

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar lokadag samþykkis fyrir virka efninu tepraloxýdími (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Lokadegi samþykkis fyrir virka efnið tepraloxýdími, sem er settur fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾, var frestað til 31. júlí 2017 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1197/2012 ⁽³⁾.
- 2) Eini umsækjandinn um endurnýjun samþykkis fyrir virka efninu tepraloxýdími upplýsti framkvæmdastjórnina og skýrslugjafaraðildarrikið um það að hann hygðist hætta við að fylgja eftir umsókn um endurnýjun.
- 3) Því er rétt að fastsetja lokadagsetninguna við upphaflegu lokadagsetninguna, eins og hún var fastsett fyrir samþykkt reglugerðar (ESB) nr. 1197/2012.
- 4) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í stað dagsetningarinnar „31. júlí 2017“ í sjötta dalki, „Samþykki rennur út“, í færslu 100, tepraloxýdími, í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, komi „31. maí 2015“.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 10, 16.1.2015, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2015 frá 30. apríl 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1197/2012 frá 13. desember 2012 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin asetamípríð, α -sýpermetrín, *Ampelomyces quisqualis* stofn: AQ 10, benalaxýl, bifenasat, brómoxýníl, klórprófam, desmedífam, etoxasól, *Gliocladium catenulatum* stofn: J1446, ímasósúlfúrón, laminarín, mepaníprím, metoxýfenósíð, milbemektín, fenmedífam, *Pseudomonas chlororaphis* stofn: MA 342, kínoxýfen, S-metólaklór, tepraloxýdími, þiaklórpríð, þíram og síram (Stjtið. ESB L 342, 14.12.2012, bls. 27).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. janúar 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
